

Minnisblað. Sveitarfélagið Austurland


Dagsetning	1.mars 2019
Efni	Aðkoma Alþingis og ríkisstjórnar að sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi
Dreifing	Alþingismenn
Frá	Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar

Verkefnið Sveitarfélagið Austurland er unnið í samræmi við stefnu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um sameiningu sveitarfélaga eins og hún hefur verið kynnt á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Verkefnið er fyrsta sameiningarverkefnið í vinnslu eftir yfirlýsingu ráðherra.

Markmiðið er að sameining sveitarfélaganna leiði til bættrar þjónustu, öflugri stjórnsýslu og aukins árangurs í byggða- og samgöngumálum. Markmið verkefnisins er í fullu samræmi við stefnu Alþingis og ríkisstjórnar í byggða- og samgöngumálum.

Í minnisblaði þessu er helstu áhersluatriðum samstarfsnefndar lýst og tengslum við aðrar stefnumótandi áætlanir Alþingis og ríkisstjórnar.

Verkefnið Sveitarfélagið Austurland er byggt á stefnumiðaðri stjórnun. Í því felst að áherslur og aðgerðir byggja á stefnumótun Alþingis, ríkisstjórnar og sveitarfélaganna. Væntingar samstarfsnefndar eru að verkefnið sé mikilvæg stoð og verkfæri við að koma stefnu stjórnvalda til framkvæmda.



Framtíðarsýn í sameinuðu sveitarfélagi

Framtíðarsýn samstarfsnefndar er að sameining sveitarfélaganna stuðli að vistvænu samfélagi fyrir íbúa og atvinnulíf í samræmi við framtíðarsýn Stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024. Samgöngubætur eru grunnur þess að framtíðarsýn samstarfsnefndar nái fram að

ganga og að íbúar samþykki tillögu um sameiningu sveitarfélaganna.

Samgöngur og innviðir

Sveitarfélagið Austurland verður landfræðilega langstærsta sveitarfélag landsins með 4 byggðakjarna og umfangsmikið dreifbýli. Tryggja samgöngur og skilvirkar almenningsamgöngur eru grunnur að því að vel takist til við sameiningu sveitarfélaganna og að íbúar sjái tækifæri í því að samþykkja tillögu um sameiningu.

Í framtíðarsýn samstarfsnefndar felst að eftirfarandi samgöngubætur verði settar í **fyrsta forgang**.

Fjarðarheiðargöng til að tryggja greiðar samgöngur milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshéraðs allt árið um kring. Jarðgöng opna auk þess möguleika á að leggja hitaveitu frá Egilsstöðum inn á Seyðisfjörð.

- Verkefnið Fjarðarheiðargöng er á 2. og 3. tímabili samgönguáætlunar fyrir árin 2019-2033 og í framhaldsflokki. Áætlað alls 25.000 m.kr.

- **Samstarfsnefnd vill fá verkefnið á 1. og 2. tímabil með verklok á 2. tímabili. Fjármagn verði tryggt til fullnaðarhönnunar á árinu 2020.**

Axarvegur verði byggður upp sem heilsársvegur til að tryggja greiðar samgöngur milli Djúpvavogs og Fljótsdalshéraðs allt árið um kring.

- Verkefnið Axarvegur er á 2. og 3. tímabili samgönguáætlunar fyrir árin 2019-2033. Áætlað samtals um 2.400 m.kr.
- **Samstarfsnefnd vill fá verkefnið á 1. og 2. tímabil með verklok á 2. tímabili. Fullnaðarhönnun fari fram á árinu 2019 og útboð á árinu 2020.**

Borgarfjarðarvegur milli Borgarfjarðar og Egilsstaða verði byggður upp og lagður bundnu slitlagi í samræmi við lið 2.1.5. í Samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.

- Verkefnið Borgarfjarðarvegur er á 1. tímabili samgönguáætlunar fyrir árin 2019-2033. Áætlað alls 1.060 m.kr.
 - Í samgönguáætlun fyrir árin 2019 til 2023 er gert ráð fyrir 460 m.kr. á árinu 2019 í vegina um Vatnsskarð og Njarðvíkurskriður. Vegurinn Eiðar-Laufás er á áætlun 2022 og 2023. Samtals 600 m.kr.

Egilsstaðaflugvöllur verði byggður upp sem Fluglið inn í landið og að innanlandsflug verið raunhæfur kostur fyrir íbúa svæðisins. Sbr. liðir A.11 og B.11. í Stefnumótandi byggðaáætlun.

- Fjármagn verði tryggt til uppbyggingar flughlaða og akstursbrautar.

Atvinnulíf, byggðabróun og opinber þjónusta

Framtíðarsýn samstarfsnefndar er að áfram verði byggt á styrkum stoðum atvinnulífs á svæðinu, þ.e. þjónustu, sjávarútvegi, ferðaþjónustu, fiskeldi og landbúnaði, sbr. m.a. liði **C.1. og C.2. í Stefnumótandi byggðaáætlun.**

Að stuðla að fjölbreyttum störfum og atvinnulífi á Austurlandi, sbr. liður **B.9. og B.14. í Stefnumótandi byggðaáætlun.**

Að á Austurlandi fjölgi opinberum störfum án staðsetningar, sbr. liður **B.7. í Stefnumótandi byggðaáætlun.**

Að umbætur verði í þjónustu ríkisins í Sveitarfélaginu Austurlandi í samræmi við markmið Stefnumótandi byggðaáætlunar. Í því felst m.a.

- Að núverandi heilbrigðisþjónusta verði eflað og ofan á hana byggð á fjarlæknisþjónustu í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins, í samræmi við 5. mgr. **C-kafla í Stefnumótandi byggðaáætlun.**
- Sjúkraflutningar verði tryggðir með staðsetningu sjúkraflutningabifreiða í öllum byggðakjörnum, í samræmi við staflíð n í **A-lið Stefnumótandi byggðaáætlunar.**
- Komið verði á fót starfsstöð sjúkraþyrlu á Egilsstaðaflugvelli. Þar verði starfsstöð Landhelgisgæslunnar á Austurlandi.
- Þjónusta sýslumanns Austurlands verði eflað með því að viðhalda starfsemi á Seyðisfirði og fjölga stöðugildum í afgreiðslu á Egilsstöðum, þangað sem flestir leita eftir afgreiðslu mála. Undirmönnun hefur valdið fjölda lokunardaga vegna fjarvista starfsfólks.
- Framhaldsskóla- og háskólamenntun og uppbygging rannsóknarstarfs verði eflað og fjölbreyttni aukin, sbr. m.a. liður **A.16 í Stefnumótandi byggðaáætlun.**

Að umbætur verði í þjónustu Sveitarfélagsins Austurlands. Í því felst m.a. að þjónusta við börn og fjölskyldur verði samþætt með hagsmuni barna í forgrunni. Jafnframt að þjónusta við eldri borgara verði eflað með það að markmiði að fólk geti lokið sínu æviskeiði í heimabyggð. Sveitarfélagið Austurland hyggst vera leiðandi í innleiðingu velferðartækni við þau verkefni.

Stjórnskipulag og fjármál

Tryggur fjárhagur og fjárfestingageta til framtíðar eru grunnur þess að vel takist til við sameiningu sveitarfélaganna.

- Samstarfsnefnd óskar eftir upplýsingum um hver framlög Jöfnunarsjóðs verða miðað við nýjar úthlutunarreglur.

Stjórnskipulag Sveitarfélagsins Austurland mun taka mið af því að tryggja áhrif nærsamfélaganna á stjórn sveitarfélagsins með svokölluðum heimastjórnnum, sem er nýbreytni.

- Nauðsynlegt er að fá aðkomu sveitarstjórnarráðuneytisins og mögulega Alþingis til að því að tryggja lagagrundvöll þeirra hugmynda. Stefnt er að því að byggja m.a. á ákvæðum 132. gr. sveitarstjórnarlaganna.

Stofnframkvæmdir við hafnir og ofanflóðavarnir

Tryggt verði fjármagn í ofanflóðavarnir við Seyðisfjörð.

- Frumathugunarskýrsla fyrirliðgjandi fyrir Bakkagarð, Fjarðargarð og Öldugarð
- Kostnaður áætlaður um 1.800 mkr. og framkvæmdir áætlaðar 2021

Seyðisfjarðarhöfn er skilgreind sem vöruflutningahöfn og ein af ferluleiðum Íslands til Evrópu. Djúpavogshöfn er skilgreind sem hluti af grunnneti samgöngukerfisins.

Tryggt verði fjármagn til hafnabóta á Seyðisfirði

- Verkefnið Angrobryggja og Bjólfsbakki eru á samgönguáætlun fyrir árin 2021-2023. Samtals 568 m.kr.

Tryggt verði fjármagn til hafnabóta á Djúpavogi til að koma til móts atvinnuuppbyggingu í fiskeldi og vinnslu eldisfisks.

- Verkefnið Hafskipabryggja er á samgönguáætlun fyrir árin 2022 og 2023. Samtals 186 m.kr.
- Varnargarður í Gleðivíkurhöfn verði sett á samgönguáætlun.

Tryggt verði fjármagn til hafnabóta í Borgarfjarðarhöfn.

- Lenging á varnargarði og fjarlægja sker verði sett á samgönguáætlun. Tillaga að hönnun til staðar hjá Vegagerðinni.

Samandregið

Sveitarstjórnarfolk í Djúpavogshreppi, Borgarfjarðarhreppi, á Fljótsdalshéraði og í Seyðisfjarðarkaupstað hefur tekið mikið frumkvæði í að fylgja stefnu stjórnvalda með því að mæla fyrir sameiningu sveitarfélaganna fjögurra.

Eins og sjá má af umfjöllun í minnisblaði þessu eru óskir um aðgerðir Alþingis og ríkisstjórnar í samræmi við þegar samþykktu stefnu stjórnvalda.

Væntingar samstarfsnefndar er að ríkið og Alþingi fylgi eigin stefnumörkun á sama hátt og sveitarfélögin, með því að forgangsröðun fjármuna verði til að styðja myndarlega við verkefnið.

Nánari upplýsingar veita

- Björn Ingimarsson, formaður samstarfsnefndar netfang: bjorni@egilsstadir.is
- Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri netfang: robert@rrconsulting.is
- Páll Björgvin Guðmundsson, verkefnisstjóri netfang: pallbg@simnet.is

Vefsíða verkefnisins er

www.svausturland.is